

The Reykjavík Grapevine – Fröken ehf.  
B.t. Alice Demurtas  
Hafnarstræti 15  
101 Reykjavík

Reykjavík 28. maí 2018  
UST201805-232/I.M.B.  
09.06.01

**Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Gullfoss**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn The Reykjavík Grapevine, dagsett 23. maí 2018 um leyfi til kvikmyndatöku með dróna innan friðlands Gullfoss dagana 28.-31. maí 2018.

Gullfoss, ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár, er friðlýst sem friðland, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Óheimilt er að nota ómönnuð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi þær reglur.

**Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að fljúga dróna frá neðra bílastæði við Gullfoss í um 100m hæð yfir fossinum og um 4-500 m upp með ánni og aftur til baka á bílastæðið. Um er að ræða eina myndatöku sem mun fara fram á tímabilinu 28.-31. maí 2018 og stjórnast nánari tímasetning af veðurfari. Einn starfsmaður mun vinna að verkefninu og ekki er þörf á að fara út fyrir stíga né nota nokkurn annan búnað en dróna.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu. Framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamann er á svæðinu dag hvern.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir myndatöku með dróna við Gullfoss að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Takmarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifun annara gesta á svæðinu.
- Kvikmyndatakan skal fara fram fyrir kl. 9:00 eða eftir kl. 18:00 þegar fjöldi gesta á svæðinu er minnstur.

- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í mynbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir notkun dróna innan hins friðlýsta svæðis.
- Þess skal gætt að ekki verði truflun á dýralífi.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt.
- Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara. Í sértækum reglum um flugvélalíkon (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg að heildarþyngd eða knúið áfram af eldflaugum og sé ætlunin að fljúga loftfarinu hærra en 130 m (430 fet). Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson  
Sérfræðingur